

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 30. október 2023 í máli nr. 44/2023

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Leifsdóttir lögmaður, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen dósent.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 7. maí 2023 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili endurgreiði sér 240.000 krónur.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfi, dags. 15. maí 2023, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Þann 23. maí 2023 var bú varnaraðila tekið til gjaldþrotaskipta. Með tölvubréfi 30. júní 2023 var boð um aðild að málinu sent skiptastjóra í þrotabúi varnaraðila. Með bréfi sama dag upplýsti skiptastjóri að hann hygðist ekki láta málið til sín taka fyrir hönd þrotabúsins.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, millifærslukvittun fyrir kaupunum og afrit af skriflegum samskiptum aðila.

Með bréfi, dags. 27. október 2023, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Af gögnum máls má ráða að sóknaraðili óskaði eftir því með tölvupósti 24. október 2022 að kaupa svokallað klippikort varnaraðila. Hinn 25. október 2022 fékk sóknaraðili sendar upplýsingar um skilmála klippikortsins og tilhögun greiðslu fyrir það. Kom meðal annars eftirfarandi fram: „*Til þess að kaupa kort er send beiðni á [...] með upplýsingum um hvort kortið eigi að vera á [...] eða [...], full nöfn, kyn, fæðingadaga, þjóðerni, símanúmer, netföng og póstnúmer þeirra farþega sem eiga að vera skráð á kortið. Greiðslan fer fram í gegnum millifærslu (sjá upplýsingar hér að neðan) og kvittun send á [...]. Þegar hún hefur borist sendum við klippikortsnumerið til baka.....Þegar kemur að því að bóka er sendur póstur á [...] með klippikortsnumeri, dagsetningu og nöfnum þeirra sem á að bóka og við græjum rest...*“ Greiddi sóknaraðili 300.000 krónur með millifærslu inn á bankareikning varnaraðila 25. október 2022 fyrir klippikort til [...]. Degi síðar sendi varnaraðila sóknaraðila tölvupóst með þeim upplýsingum að búið væri að útbúa klippikort fyrir sóknaraðila með númerinu [...]. Innifalið í kaupunum voru tíu flugleggir til og frá [...]. Samkvæmt skilmálum varnaraðila um notkun klippikorta segir að: „*allar dagsetningar til og frá áfangastaðnum eru bókanlegar svo framarlega að það séu laus sæti í vélinni. Lágmarks bókanarfyrirvari er 24 tímar og er aðeins bókanlegt í gegnum [...]. Enginn fyrningartími er á kortinu*“.

Sóknaraðili vísar til þess að hafa haft hug á bóka flug til [...] í júlí 2023 með hina keypta klippikorti og hafi því sent varnaraðila tölvupóst á fyrrnefnt netfang

Þann 19. apríl 2023. Þann sama dag barst sóknaraðila tölvupóstur frá varnaraðila þar sem eftirfarandi kom fram: „Góðan dag, Óvíst er að við verðum farin að fljúga aftur á þessum tíma“. Degi síðar sendi sóknaraðili varnaraðila annan tölvupóst þar sem sagði: „Hm, ef skýrleiki verður ekki til staðar næsta fimmtudag 20.04. um hádegi kl. 12.00, þá vil ég fá borgað til baka það sem eftir er á kortinu (240.000 krónur)...“. Þann 21. apríl 2023 barst eftirfarandi svar varnaraðila: „Takk fyrir að hafa samband. Þessa dagana eru kortagreiðslur í forgangi í endurgreiðslu eftir að þeim er lokið þá verða greiðslur með gjafabréfum teknar til skoðunar....“.

Að sögn sóknaraðila hefur engin endurgreiðsla borist frá varnaraðila þrátt fyrir að hún hafi ítrekað erindi sitt með tölvubréfum dagana 2. og 6. maí 2023. Sóknaraðili kveður varnaraðila ekki geta veitt alla þá þjónustu sem sóknaraðili festi kaup á og beri honum því að endurgreiða henni 240.000 krónur.

IV

Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Varnaraðili hefur kosið að láta málið ekki til sín taka hjá nefndinni og hefur hvorki skilað inn andsvörum né gögnum. Byggir niðurstaða málsins því á þeim upplýsingum og gögnum sem sóknaraðili hefur lagt fram í málinu.

Meginregla samningaréttar er sú að gerða samninga beri að halda. Skylda varnaraðila samkvæmt samningi málsaðila var að veita sóknaraðila þjónustu við flug og skylda sóknaraðila var að greiða fyrir hana. Sóknaraðili greiddi varnaraðila 300.000 krónur með millifærslu á bankareikning hans þann 25. október 2022. Af gögnum máls má ráða að sóknaraðili hafði þegar nýtt sér tvo af tíu flugleggjum klippikortsins þegar vanefndir urðu á samningi aðila.

Í málinu liggur fyrir að bú varnaraðila var tekið til gjaldprotaskipta með úrskurði héraðsdóms uppkveðnum [...]. Í 1. mgr. 91. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldprotaskipta o.fl. (gpl.) kemur fram að þrotabúi er heimilt að taka við réttindum og skyldum þrotamanns eftir gagnkvæmum samningum. Undir rekstri málsins upplýsti sóknaraðili kærunefndina að hún hefði beint skriflegri kröfu um efndir til skiptastjóra þrotabúsins. Af þeim upplýsingum sóknaraðila verður ráðið að þrotabúið hugðist ekki taka við réttindum og skyldum samkvæmt samningi aðila og því verða engar frekari flugferðir farnar á vegum þrotabúsins. Í 1. mgr. 93. gr. kemur fram að ef þrotabú nýtir ekki heimild sína skv. 1. mgr. 91. gr. eða setur tryggingu innan hæfilegs frests getur viðsemjandi slitið samningnum. Að mati kærunefndarinnar var sóknaraðila því heimilt að rifta samningi aðila á grundvelli 1. mgr. 91. gr. gpl. Með hliðsjón af framangreindu, atvikum máls þessa og framlögðum gögnum, er fallist á kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu að fjárhæð 240.000 krónur.

V

Úrskurðarorð

Varnaraðila, Y, ber að greiða sóknaraðila, X, 240.000 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 35.000 krónur með vísan til 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Víðir Smári Petersen
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson